

1984 nr. 112 31. desember**Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum****I. kafli. Inngangur og orðaskýringar.**

■ **1. gr.** Hver íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.

□ [Pennan rétt hafa einnig ríkisborgarar annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð, þar á meðal skilyrði um nauðsynlega kunnáttu á íslensku tal- og ritmáli.

□ Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari eða njóta atvinnuréttinda sem íslenskur ríkisborgari og bera fulla ábyrgð á framkvæmd laga þeirra og reglna sem lúta að starfi hans og settar eru af þar til bærum stjórnvöldum.]¹⁾

¹⁾ L. 62/1995, 1. gr.

■ **2. gr.** [a. Skip merkir í lögum þessum, sé eigi annað tekið fram, hvert það far sem er 6 m langt eða meira og skráð er í skipaskrá.

b. Skipstjóri er sá sem fer með æðsta vald á skipi.

c. Yfirstýrimaður/1. stýrimaður er sá skipstjórnarmaður er gengur næst skipstjóra í starfi.

d. Undirstýrimaður er hver sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður/1. stýrimaður.

e. Rúmlest merkir í lögum þessum brúttórúmlest. Er þá miðað við Óslóarsamþykkt um skipamælingar frá 10. júní 1947, með áorðnum breytingum, fyrir skip 24 m að lengd og lengri, en við íslenskar reglur um mælingu skipa fyrir skip styttri en 24 m að lengd.

f. Fiskiskip merkir hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er til fiskveiða eða annarra veiða úr lífríki sjávar.

g. Kaupskip merkir hvert það skip, skrásett sem vöruflutninga- eða farþegaskip, er siglir með varning og/eða farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan. Til þessa flokks teljast m.a. olú- og efnaflytningaskip.

h. Varðskip merkir hvert það skip, skrásett sem varðskip, er stundar landhelgisgæslu og björgunarstörf undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.

i. Önnur skip en upp eru talin í staflíðum f–h hlíta ákvæðum laganna um fiskiskip.

j. Strandsigling er sigling innan 50 sjómílna frá ströndum Íslands og á öðrum hafsvæðum eftir nánari ákvörðun [Siglingastofnunar Íslands].¹⁾

k. Innanlandssigling er sigling innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

l. Utanlandssigling er hver sú ferð sem farin er milli landa eða til fiskimiða utan íslenskrar fiskveiðilögsögu þótt hafna sé ekki leitað.

m. Mánuður telst 30 dagar.

n. STCW er alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978.

o. Stig merkir námsstig, sbr. lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík.]²⁾

¹⁾ L. 7/1996, 13. gr. ²⁾ L. 62/1995, 2. gr.

II. kafli. Um fjölda skipstjórnarmanna.

■ **3. gr.** Á hverju skipi skal vera einn skipstjóri.

■ **4. gr.** [Lágmarksfjöldi stýrimanna skal vera sem hér segir:
I. Á fiskiskipum:

a. á skipum 31–300 rúmlestir einn stýrimaður,

b. á skipum 301 rúmlest og stærri tveir stýrimenn,

c. á skipum 30 rúmlestir og minni einn stýrimaður ef ekki er landað daglega,

d. á skipum 20 rúmlestir og minni er ekki skylt að stýrimaður sé í áhöfn ef útivera skips fer ekki fram úr 36 klst. á tímabilinu frá 1. apríl til 30. september, en 24 klst. þess utan.

II. Á varðskipum:

a. á skipum 400 rúmlestir og minni tveir stýrimenn,

b. á skipum 401 rúmlest og stærri þrjú stýrimenn.

III. Á kaupskipum fer eftir því sem fyrir er mælt í lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa.]¹⁾

¹⁾ L. 62/1995, 3. gr.

III. kafli. Um atvinnuréttindi stýrimanna.¹⁾

¹⁾ Rg. 118/1996.

■ **5. gr.** [Eftirtalin stig skipstjórnarnáms við Stýrimannaskólann í Reykjavík og aðra viðurkennda skóla, er veita samþæfingafræðslu, eru grundvöllur atvinnuréttinda stýrimanna sem hér segir:

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.

b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW regla II/3 nr. 2).

b. Veitir réttindi til að vera undirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/4 nr. 3).

3. stig:

a. Veitir réttindi til að vera yfirstýrimaður á kaupskipum og varðskipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW regla II/2).]¹⁾

¹⁾ L. 62/1995, 4. gr.

■ **6. gr.** [Atvinnuréttindi stýrimanna eru bundin eftirfarandi skilyrðum um siglingatíma. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók innlendri eða útlendri eða vottorði frá lögskráningarstjóra. Til staðfestingar siglingatíma á skipum 12 rúmlestir og minni má leggja fram vottorð tveggja trúverðugra manna.

□ Siglingatími telst sá tími er stýrimannsefni starfar á skipi sem er í rekstri og þar sem viðkomandi fær undirstöðubekkingu í störfum á þilfari og í brú, stjórn manna og forsjá. Af siglingatíma verður stýrimannsefni að hafa gengið sjóvaktir a.m.k. 6 mánuði í brú undir umsjón skipstjórnarmanns. Af siglingatíma mega 6 mánuðir vera við önnur störf á skipi en skipstjóra-, stýrimanns- eða hásetastörf. Nám eða störf í verklegri sjómennsku og notkun öryggis- og björgunarbúnaðar á viðurkenndum námskeiðum má meta sem siglingatíma í allt að einn mánuð.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 24 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum stærri en 30 rúmlestir. Heimilt er að 6 mánuðir séu á 12 rúmlesta skipum og minni.

b. Undirstýrimannsréttindi á 500 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: Vera handhafi atvinnuskírteinis sem skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum.

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið: 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip og varðskip:

2. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi á 200 rúmlesta kaupskipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3 nr. 2): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

b. Undirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/4 nr. 3): 27 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 12 mánuði háseti á skipum yfir 100 rúmlestum.

3. stig:

a. Yfirstýrimannsréttindi. Ótakmörkuð stærð og farsvið (STCW II/2): 36 mánaða siglingatími, þar af a.m.k. 18 mánuði háseti á skipi yfir 100 rúmlestum.¹⁾

¹⁾ L. 62/1995, 5. gr.

IV. kaffi. Um atvinnuréttindi skipstjóra.¹⁾

¹⁾ Rg. 118/1996.

■ **7. gr.** [Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð¹⁾ sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi, sbr. 6. gr.

□ Ráðuneytið gefur út námskrá til samræmingar kennslu og skipar prófdómara að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík og hagsmunaaðila. Þeir sem standast prófin skulu fá vottorð undirrituð af viðkomandi skólustjóra og prófdómara.²⁾

¹⁾ Rg. 531/2001. ²⁾ L. 62/1995, 6. gr.

■ **8. gr.** [Rétt til að vera skipstjóri á skipi sem er meira en 30 rúmlestir hefur sá einn sem hefur öðlast rétt til að gegna starfi yfirstýrimanns á tilgreindum skipum, sbr. 5. og 6. gr. Þó skal skipstjóri á varðskipum hafa lokið námi 4. stigs og eftir öflun stýrimannsskírteinis gegnt a.m.k. eftirtöldum skipstjórnarstörfum í tilskilinn tíma. Lögskráning sem 1. stýrimaður fyrir gildistöku laga þessara jafngildir yfirstýrimannstíma samkvæmt lögum þessum.

I. Fiskiskip:

1. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum: 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestum.

2. stig:

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð: 24 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður/1. stýrimaður á skipum yfir 100 rúmlestum.

II. Kaupskip:

2. stig:

a. Skipstjóraréttindi á 200 rúmlesta skipum og minni í strandsiglingum (STCW II/3, nr. 2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður.

3. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð í strandsiglingum (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður.

b. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (STCW II/2): 24 mánuði á skipi yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði yfirstýrimaður á skipi í utanlandssiglingum.

III. Varðskip:

4. stig:

a. Skipstjóraréttindi á skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði: 30 mánuðir á skipum yfir 100 rúmlestum, þar af a.m.k. 6 mánuði sem yfirstýrimaður á varðskipi.¹⁾

¹⁾ L. 62/1995, 7. gr.

■ **9. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 62/1995, 8. gr.

■ **10. gr.** Siglingatími til öflunar skipstjóraréttinda samkvæmt 8. og 9. gr. telst aðeins sá tími er stýrimaður starfar á skipi sem er í förum. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá lögskráningarstjóra.

V. kaffi. Um aldurskilyrði og læknisvottorð.

■ **11. gr.** Enginn getur öðlast stýrimannsréttindi samkvæmt lögum þessum né skipstjóraréttindi samkvæmt 7., 8. og 9. gr. nema hann hafi náð 20 ára aldri.

■ **12. gr.** Til að skipstjórnarmaður hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum verður hann að sanna með læknisvottorði að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástandum.

□ Samgönguráðherra setur reglur¹⁾ um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna.

¹⁾ Rg. 304/1993, sbr. 385/1999.

VI. kaffi. Atvinnuskírteini.¹⁾

¹⁾ Rg. 118/1996, sbr. 207/1998.

■ **13. gr.** Hver sá sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru skv. III., IV. og V. kafla þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini sem veita videigandi atvinnuleyfi.

□ Skírteinin skulu gefin út af [sýslumönnum]¹⁾ og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð eftir fyrirmynd sem samgönguráðuneytið semur.

□ [Skírteinin skulu gefin út á íslensku og ensku og gilda til fimm ára í senn. Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði til endurnýjunar atvinnuskírteina, svo sem um viðhald réttinda og heilsufar, þar sem taka skal mið af alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978, eftir því sem við á. Atvinnuskírteini samkvæmt STCW-alþjóðasamþykktinni skulu þó gefin út af [Siglingastofnun Íslands].²⁾

□ Skírteinishafi skal hafa skírteinið meðferðis við skipstjórn og sýna það þegar löggæslumaður krefst þess.³⁾

¹⁾ L. 62/1995, 9. gr. ²⁾ L. 7/1996, 13. gr. ³⁾ L. 62/1995, 10. gr.

■ **14. gr.** Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði [tollstjóra]¹⁾ um útgáfu skírteinis og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

¹⁾ L. 92/1991, 80. gr.

■ **15. gr.** Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. hegningarlaga eiga við um hagi hans. Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu í starfi sínu svo að tjón hlýst af má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir enda liggja ekki þyngri refsing við að lögum.

■ **16. gr.** [Allir þeir sem öðlast hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlast gildi skulu

halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir kröfum um viðhald réttinda og heilsufar, sbr. 13. gr.¹⁾

¹⁾ L. 62/1995, 11. gr.

■ **17. gr.** Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi samkvæmt lögum nr. 69/1973 á skipum, sem eru allt að 120 rúmllestir að stærð, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á fiskiskipum og öðrum skipum sem eru allt að 200 rúmllestir að stærð.

□ Þeir sem öðlast hafa skipstjórnarréttindi á skipum, sem eru allt að 120 rúmllestir, fyrir gildistöku fyrrgreindra laga skulu öðlast sams konar réttindi ef þeir hafa starfað sem skipstjórar eða stýrimenn a.m.k. 60 mánuði.

■ **18. gr.** Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendu ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla eða sambærilegan erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóráskírteini nema við eigi samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sbr. auglýsingu nr. 6/1982.

□ Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

VII. kafli. Um mönnunarnefnd og undanþágur.

■ **19. gr.** Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd sem hefur heimild til þess:

1. Að ákvæða frávik frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar þar sem m.a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér.

2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengri en 6 mánuðir í senn.

□ Nefndin skal leita umsagnar [Siglingastofnunar Íslands]¹⁾ varðandi öryggi og búnað skips.

¹⁾ L. 7/1996, 13. gr.

■ **20. gr.** Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá viðkomandi skipstjóra- og stýrimannafélögum annars vegar og samtökum útgerðaraðila hins vegar. Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla almenn dómaraskilyrði. Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 64/1985, sbr. 630/1991.

■ **21. gr.** Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi til skipstjórnar er heimilt að veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, undanþágu til starfa á tilteknu skipi eða tiltekinni gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn, og skal viðkomandi útgerðarmaður eða skipstjóri sækja um undanþáguna.

□ Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. [Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila, einn fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.]¹⁾ Ráðherra setur nefndinni starfsreglur²⁾ sem hann lætur birta með fullnægjandi hætti.

□ ...³⁾

¹⁾ L. 62/1995, 12. gr. ²⁾ Rg. 20/1992. ³⁾ L. 76/2001, 18. gr.

VIII. kafli. Viðurlög og gildistaka.

■ **22. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **23. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** A. [. . .

□ Þeir sem fæddir eru árið 1934 eða fyrr og stundað hafa skipstjórn á báti 11 rúmllestir og minni um 10 ára skeið eiga rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini sem bundið er viðkomandi skipi eða öðru skipi þó eigi yfir 11 rúmllestum. Siglingatíma má sanna með vottorðum tveggja valinkunnra manna.]¹⁾

B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 21. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim skipstjórnarmönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað hafa s.l. 10 ár á undanþágu við skipstjórnarstörf, ótímabundin takmörkuð réttindi.

[C. Nú hefur skipstjórnarmaður notið undanþágu frá ákvæðum laganna til skipstjórnarstarfa á sama skipi sem vegna breytinga á því hefur mælst meira en 200 rúmllestir eða aðrar hliðstæðar ástæður eru fyrir hendi sem taldar hafa verið fullgildar ástæður fyrir undanþágu og er þá heimilt að veita honum þau atvinnuréttindi óskert til starfa á sama skipi að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna.]¹⁾

[D. Heimilt er að gefa út atvinnuskírteini samkvæmt eldri lögum til þeirra sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995, um breytingu á lögum þessum, en þó ekki lengur en til 31. ágúst 1999.]²⁾

¹⁾ L. 62/1995, brákv. ²⁾ L. 30/1997, 1. gr.